

20. gr.

Seðlabankinn annast dagleg afgreiðslustörf fyrir Framkvæmdabankann gegn hæfilegri þóknun. 10. febr.

21. gr.

Framkvæmdabankinn skal í starfsemi sinni hafa nána samvinnu við þá opinbera aðila aðra, sem hafa fjárfestingarmál með höndum.

22. gr.

Framkvæmdabankinn nýtur þeirra sérréttinda, sem Landsbanka Íslands eru veitt í 53.—57. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928, svo og í 58. gr. 2. málsgr. sömu laga.

Verja má fé ómyndugra, svo og opinberra sjóða og stofnana, til kaupa á skuldaþréfum Framkvæmdabankans.

23. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum bankaráðs, að gefa út reglugerð samkvæmt lögum þessum, þar sem nánar sé kveðið á um starfsemi bankans.

24. gr.

Framkvæmdabankinn tekur til starfa 15. febrúar 1953.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Kjörtími fyrstu aðalmanna og varamanna í bankaráð Framkvæmdabankans samkvæmt 2. og 3. tölul. 14. gr. skal vera til ársloka 1958, og kýs Alþingi í fyrsta sinn þrjá aðalmenn og þrjá varamenn á þingi því, er samþykkir þessi lög.

Gjört í Reykjavík, 10. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um íslenzk vegabréf.

18

11. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Með reglugerð getur dómsmálaráðherra ákveðið, hvort íslenzkir ríkisborgarar skuli við brottför úr landi eða komu til landsins hafa í höndum vegabréf eða önnur ferðaskilríki.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um útgáfu vegabréfa til íslenzkra ríkisborgara. Lögreglustjórar sjá um útgáfu vegabréfa hver í sínu umdæmi og útsendir fulltrúar landsins erlendis í embættisskrifstofum sínum.

Útanríkisráðuneytið gefur út vegabréf fyrir starfsmenn sína (diplomatísk vegabréf), svo og önnur sérstök vegabréf, samkvæmt reglum, er það setur.

18

11. febr.

2. gr.

Neita má um útgáfu vegabréfs fyrir íslenzkan ríkisborgara eða ógilda vegabréf, sem þegar hefur verið gefið út, þegar svo stendur á:

1. að fram er komin kæra gegn hlutaðeiganda um refsivert brot, sem ætla má að varði refsivist, og aðstæður benda til þess, að hann muni reyna að komast undan ábyrgðinni með því að fara úr landi eða dveljast áfram í útlöndum;
2. að hlutaðeigandi hefur verið dæmdur til refsivistar, sem ekki hefur verið afplánuð, eða hefur sætt sektarrefsingu eða eignaupptöku, sem hefur ekki náð fram að ganga og hefur ekki verið sett trygging fyrir, og aðstæður benda til þess, að hann muni reyna að komast undan ábyrgðinni með því að fara úr landi eða dveljast áfram í útlöndum;
3. að brottför hans mundi brjóta í bága við lagaákvæði, sem eiga að tryggja nærveru manns í landinu, þar til hann hafi fullnægt skuldbindingum, sem á honum hvíla gegn almannavaldinu eða einstaklingum.

Sá, sem neitað hefur verið um vegabréf eða hefur sætt ógildingu vegabréfs síns, samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar, getur krafizt þess, að ágreiningi um gildi þeirrar athafnar verði skotið til dómstólanna. Ef ógilda skal vegabréf manns, sem dvelur í útlöndum, skal skjóta ákvörðun um ógildinguna til hlutaðeigandi dómstóls, áður en hún kemur til framkvæmda.

3. gr.

Sá, sem

1. með vísitandi röngum upplýsingum eða sviksamlegu undanskoti upplýsinga gagnvart útgefendum vegabréfa aflar sér ranglega vegabréfs eða annars ferðaskilríkis eða verður þess valdandi, að vegabréf eða annað ferðaskilríki, sem gefið er út fyrir hann, hljóðar ekki á raunverulegt nafn hans og fæðingardag,
 2. aflar sér í ólögætum tilgangi fleiri en eins vegabréfs eða ferðaskilríkis, er hljóðar á nafn hans,
 3. breytir eða nemur brott, í ólögætum tilgangi, hluta af vegabréfi eða öðru ferðaskilríki eða áritanir á því,
- skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

4. gr.

Fyrir önnur brot gegn lögum þessum eða fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt þeim, skal refsað með sektum. Þó má beita varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum, ef sakir eru miklar.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála. Sektir samkvæmt lögum þessum skulu renna í ríkissjóð.

Gjört í Reykjavík, 11. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.